



**719. fundur bæjarráðs Hveragerðis**  
**haldinn í fundarsal Breiðumörk 20, fimmtudaginn 20. júní 2019 kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Friðrik Sigurbjörnsson, Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Þórunn Pétursdóttir, Garðar R. Árnason og Aldís Hafsteinsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Aldís Hafsteinsdóttir, bærarstjóri.

Friðrik Sigurbjörnsson, formaður, setti fund og stjórnaði. Leitaði formaður athugasemda við fundarboð en engar komu fram. Í upphafi fundar bauð formaður Þórunni Pétursdóttur velkomna á sinn fyrsta fund í bæjarráði.

**Dagskrá:**

**1. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 11.júní 2019. - 1906037**

Í bréfinu er boðað til XXXIV. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga föstudaginn 6. september 2019. Þar mun tillaga að stefnumótandi áætlun ríkissins í málefnum sveitarfélaga verða rædd.

*Lagt fram til kynningar en landsþingsfulltrúar verða boðaðir til þingsins með sérstöku bréfi í sumar þar sem dagskrá og gögn munu fylgja. Fulltrúar Hveragerðisbæjar á landsþingi eru Eyþór H. Ólafsson og Þórunn Pétursdóttir en auk þeirra mun Aldís Hafsteinsdóttir, bærarstjóri, sitja þingið.*

Fylgigögn: [Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 11.júní 2019.](#)

**2. Lögð fram samþykkt vegna lántöku Brunavarna Árnassýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga. - 1906029**

Lögð fram samþykkt vegna lántöku Brunavarna Árnassýslu til kaupa á nýrri tankbifreið.

*Bæjarráð Hveragerðisbæjar samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku*

*Brunavarna Árnassýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 15.000.000 kr. til 10 ára, í samræmi við skilmála láns af eigin fé með föstum verðtryggðum vöxtum eins og þeir verða á þeim tíma er lánð er tekið. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Brunavörnum Árnassýslu.*

*Hveragerðisbær veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á nýrri tankbifreið sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*Hveragerðisbær skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Árnassýslu til að breyta ekki ákvæði samþykktu Brunavarna Árnassýslu sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að*



*félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.*

*Fari svo að Hveragerðisbær selji eignarhlut í Brunavörnum Árnassýslu. til annarra opinberra aðila, skuldbindur Hveragerðisbær sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.*

*Jafnframt er Aldísi Hafsteinsdóttur, kt. 211264-5009 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Hveragerðisbæjar veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánsamninginn.*

*Fylgigögn: [1906029 - Bókun vegna lántöku Brunavarna Árnassýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga.](#)*

### **3. Skýrsla um þjónustu við fatlað fólk í Hveragerði. - 1906038**

Lögð fram skýrsla frá Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar þar sem stofnunin hvetur Velferðarþjónustu Árneshvíls til að huga að ákveðnum þáttum í framkvæmd þjónustu við fatlað fólk í Hveragerði

*Bæjarráð þakkar ýtarlega úttekt á störfum velferðarþjónustu Árneshvíls sem snýr að Hveragerðisbæ og vísar skýrslunni til umfjöllunar í Skólaþjónustu og velferðarnefnd Árneshvíls. Það er ljóst að ný lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, sem tóku gildi 1. október 2018 kalla á ákveðnar breytingar á framkvæmd þjónustu en í skýrslunni kemur fram að gera má ráð fyrir að það taki sveitarfélög einhvern tíma að gera þær breytingar sem ný lög kalla á. Er nefndinni falið að kynna sér ábendingar sem fram koma í umræddri skýrslu með það fyrir augum að skilyrði laga verði uppfyllt og þjónusta þar með enn betri en nú er.*

*Fylgigögn: [1906038 - Skýrsla um þjónustu við fatlað fólk í Hveragerði.](#)*

### **4. Minnisblað - Klúbbarnir Geysis og Strókur. - 1906043**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra vegna klúbbanna Geysis og Stróks en afgreiðslu erinda þeirra varðandi styrki til starfseminnar var frestað á fundi bæjarráðs þann 16. maí síðastliðinn.

*Í ljósi þeirra upplýsinga sem lagðar eru fram í minnisblaði bæjarstjóra samþykkir bæjarráð að styrkja Klúbbinn Strók um kr. 100.000,- og að áfram verði stutt við starfsemi félagsins Leiðin út á þjóðveg verði eftir því leitað. Bæjarráð sér sér því miður ekki fært að verða við erindi Klúbbsins Geysis. Ennfremur ítrekar bæjarráð mikilvægi þess að starfsmenn bæjarfélagsins á þessu sviði fái kynningu á starfsemi Stróks eins og boðið er í svari þeirra til bæjarstjóra.*

*Fylgigögn: [1906043 - Minnisblað - Klúbbarnir Geysis og Strókur.](#)*

### **5. Bréf til fulltrúa í Háskólaráði LBHÍ. - 1906042**

*Bæjarráð samþykkir samhljóða eftirfarandi ályktun og felur bæjarstjóra að koma henni á framfæri við fulltrúa í háskólaráði LBHÍ, þingmenn kjördæmisins, önnur sveitarfélög á svæðinu og stjórn SASS:*

*Heyrst hefur að ný stefna um starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands hafi verið kynnt nýverið á fundi sem haldinn var á Hvanneyri en þar eru lagðar til breytingar á inntaki og eðli garðyrkjunnáms við skólann.*

*Garðyrkjudeild Landbúnaðarháskóla Íslands er staðsett í túnfæti Hveragerðisbæjar. Starfsemi LBHÍ í samfélaginu hér fyrir austan fjall er mjög mikilvæg auk þess sem garðyrkja hefur verið drifkraftur í atvinnulífi Hveragerðisbæjar frá upphafi byggðar hér í bæ. Allar breytingar á eðli náms við garðyrkjudeild LBHÍ skipta því miklu máli.*



Á Reykjum hafa nemendur sótt gott og fjölbreytt starfsnám sem bæði hefur nýst til áframhaldandi náms en einnig sem framúrskarandi grunnur fyrir störf á vettvangi garðyrkjunnar.

Við viljum hvetja fulltrúa í Háskólaráði LBHÍ til að standa vörð um það mikilvæga nám sem fram fer á Reykjum og í samvinnu við alla hagaðila, þar með talin sveitarfélögin á svæðinu, leita allra leiða til að efla það enn frekar með það að leiðarljósi að garðyrkja í sinni fjölbreyttustu mynd fái sem best dafnað á Íslandi.

Í ljósi þessa er hér með óskað eftir því að engar ákvarðanir um nýja stefnu verði teknar nema með víðtæku samráði við alla hagaðila og að undangengnu ítarlegu mati á þeim áhrifum sem slíkar breytingar gætu mögulega haft á námið og aðgengi nemenda að því.

Okkur er kunnugt um að sveitarstjóri Borgarbyggðar hafi verið boðaður á umræddan kynningarfund. Þykir okkur mjög miður að hvorki fulltrúar Ölfuss né Hveragerðisbæjar hafi fengið boð á fundinn þrátt fyrir að hagsmunir þessara tveggja sveitarfélaga séu jafn ríkir í þessu máli og Borgarbyggðar.

Bæjarráð fyrir hönd allra bæjarfulltrúa Hveragerðisbæjar lýsa yfir fullum vilja til að koma að samráði um framtíðarsýn garðyrkjudeildar LBHÍ og telja að með víðtæku samráði sé hagsmunum garðyrkjunnar best borgið.

Fylgigögn: [Bréf til fulltrúa í Háskólaráði LBHÍ.](#)

**6. Verkfundargerð frá 5.júní 2019 - Gatnagerð Kambaland. - 1906035**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Fylgigögn: [Verkfundargerð frá 5.júní 2019 - Gatnagerð Kambaland.](#)

**7. Verkfundargerð frá 11.júní 2019 - Gatnagerð Vorsabær. - 1906036**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Fylgigögn: [Verkfundargerð frá 11.júní 2019 - Gatnagerð Vorsabær.](#)

**8. Fundargerð stjórnar SASS frá 16.maí 2019. - 1906039**

Lögð fram til kynningar.

Fylgigögn: [Fundargerð stjórnar SASS frá 16.maí 2019.](#)

**9. Fundargerð Bergrisans frá 27.maí 2019. - 1906040**

Lög fram til kynningar.

Fylgigögn: [Fundargerð Bergrisans frá 27.maí 2019.](#)

[Fylgigögn 6.](#)

**10. Fundargerð NOS frá 7.júní 2019. - 1906041**

Bæjarráð samþykkir að ráðinn verði sálfræðingur í 100% starfhjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Jafnframt samþykkir bæjarráð að gildandi samningur við starfsmenn vegna bakvakta félagsþjónustunnar verði framlengdur til 1. ágúst.

Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fylgigögn: [Fundargerð NOS frá 7.júní 2019](#)



**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:03**

Friðrik Sigurbjörnsson

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir

Þórunn Pétursdóttir

Garðar R. Árnason

Aldís Hafsteinsdóttir